

Bókun frá 27. fundi fræðslu- og frístundanefndar 24. mars 2026

2. 2603071 - Reglur um heimgreiðslur

Bókun frá 163. fundi bæjarráðs frá 12. mars sl. liður 1. Reglur um heimgreiðslur.

Lagðar eru fram tillögur að reglum um heimgreiðslur til foreldra vegna dagvistunar barna, gjaldskrá og minnisblaði sviðsstjóra fjölskyldusviðs, dags. 9. mars sl. Heiða Ösp Kristjánsdóttir, sviðstjóri fjölskyldusviðs kemur inn á fundinn og fer yfir tillögur að nýjum reglum um heimgreiðslur til foreldra. Fram kemur að heimgreiðslurnar séu ætlaðar foreldrum barna á aldrinum 12-30 mánaða sem eru búsett í Svf. Árborg og ekki komin með pláss á leikskóla eða í öðru dagvistunarúrræði. Gert er ráð fyrir að reglurnar taki gildi frá og með 1. apríl 2026 og upphæð heimgreiðslu með hverju barni verði kr. 110.000- sem er greidd mánaðarlega eftir á í allt að 11 mánuði á ári, en ekki er greitt fyrir júlímánuð.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti reglur um heimgreiðslur og vísar áfram til afgreiðslu í bæjarstjórn Árborgar. Bæjarráð vísar málinu einnig til umsagnar í velferðarnefnd og fræðslu- og frístundanefnd sem fylgi með til umræðu og afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjaráð felur bæjarstjóra að undirbúa viðauka vegna aukins fjármagns í heimgreiðslur á árinu 2026, að fjárhæð kr. 5.000.000,- til samþykktar.

Fræðslu- og frístundanefnd tekur jákvætt í tillögur um reglur um heimgreiðslur í Svf. Árborg. Heimgreiðslur geta komið til móts við þá foreldra sem bíða þess að barn fái úthlutað leikskólaplássi í Sveitarfélaginu.

Nefndarfulltrúi B-lista Framsóknarflokks leggur fram eftirfarandi bókun: Framsókn í Árborg lagði ríka áherslu á heimgreiðslur í aðdraganda síðustu kosninga undir yfirskriftinni „Mætum fjölskyldunni“, með það að markmiði að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Það er því ánægjulegt að sjá heimgreiðslur til foreldra ungra barna verða að veruleika í sveitarfélaginu.

Við í Framsókn bendum þó á að mikilvægt er að fjármögnun úrræðisins sé raunhæf. Gert er ráð fyrir 5 milljóna króna viðauka árið 2026 á sama tíma og greiðslur nema 110.000 krónum á barn á mánuði frá 1. apríl. Miðað við þær forsendur sem liggja fyrir bendir margt til þess að fjármögnun úrræðisins sé vanáætluð.

Mikilvægt er að tryggja að úrræðið sé nægjanlega fjármagnað frá upphafi svo það standist raunverulega eftirspurn og veiti fjölskyldum þann stuðning sem að er stefnt.

Guðrún Rákel Svandísardóttir fulltrúi B-lista.

Nefndarfulltrúi S-lista Samfylkingar leggur fram eftirfarandi bókun:

Svf. Árborg hefur því miður dregist verulega aftur úr nágrannasveitarfélögunum þar sem ekki er þörf á að bjóða upp á heimgreiðslur í dag því þar eru í boði næg leikskólapláss og enginn biðlisti. Auk þess er farið að bjóða upp á gjaldfrjálsa leikskóla, ungum foreldrum munar aldeilis um minna.

Foreldrar sem lokið hafa fæðingarorlofi sínu eru ekki að biðja um heimgreiðslur, þeir þurfa að komast aftur til vinnu sinnar til þess að geta greitt af húsnæði og átt í sig og á. Heimgreiðslur eru ákveðin uppgjöf, plástur á sár, en engin raunveruleg lausn á skorti á þjónustu við ungar barnafjölskyldur. Það er þó vissulega eilítil sárabót að þær fjölskyldur sem búa við tekjuskerðingu vegna skorts á þjónustu, skuli fá smáræðis stuðning frá sveitarfélaginu.

Elísabet Davíðsdóttir fulltrúi S-lista.